

TILSKIPUN RÁÐSINS 2014/102/ESB

2015/EES/74/79

frá 7. nóvember 2014

um aðlögun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykka nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.
- 2) Bæta ætti viðkomandi tegundum króatískra fyrirtækja við í I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽¹⁾ í því skyni að kveða á um viðeigandi gildissvið samræmingarráðstafana sem kveðið er á um í þeirri tilskipun í Króatíu. Takmarka ætti gildissvið breytinga við tæknilegar aðlaganir sem nauðsynlegar eru vegna aðildar Króatíu.
- 3) Því ætti að breyta tilskipun 2013/34/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2013/34/ESB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. júlí 2015. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríki er heimilt að kveða á um að ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skuli fyrst gilda um samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2016 eða á almanaksárinu 2016.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 334, 21.11.2014, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

P. C. PADOAN

forseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 2013/34/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu:

dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću.”

2) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu:

javno trgovačko društvo, komanditno društvo, gospodarsko interesno udruženje.”
